



Alþingi
Nefndasvið
nefndasvid@althingi.is

Reykholti, 8. desember 2023
2303025 AS

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 478. mál

Bláskógabyggð gerði verulegar athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem birt var í Samráðsgátt stjórnvalda í sumar. Svör við athugasemdum Bláskógabyggðar, sem og annarra sem gerðu athugasemdir, voru ekki birt í Samráðsgátt, þrátt fyrir að í greinargerð með þingmáli nr. 478 sé tiltekið að það hafi verið gert. Ekki verður séð að svörin hafi verið birt opinberlega fyrr en með gögnum þingmáls nr. 478. Er hér um að ræða galla á samráði. Annar formgalli á samráði vegna þingmáls nr. 478 birtist í framsetningu gagna málsins á vef Alþingis, þar sem hlekkir í frumvarpstexta vísuðu á rangt pdf skjal, sem gerði það að verkum að skýringarmyndir og dæmi birtust ekki lesendum. Undirrituð þakkar fyrir þann viðbótarfrest sem henni var veittur til að skila umsögn um frumvarpið vegna þessara formgalla.

Allsérstakt verður einnig að teljast að ekki var haft samráð við sveitarfélög í landinu áður en gerð var grundvallarbreyting rétt fyrir framlagningu frumvarpsins á þingi og er þá vísað til breytingar á 13. gr. frumvarpsins um hámarksnýtingu útsvars. Slíkt samráðsleysi, ofan á þá gagnaóreiðu sem lýst er hér að framan, er átalíð, og ekki til þess fallið að skapa traust í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Efnislega var ekki brugðist við ítarlegum athugasemdum Bláskógabyggðar við frumvarpsdrögin og sér sveitarfélagið sig því knúið til að ítreka fyrri athugasemdir og skerpa á þeim.

Tekið skal fram að af hálfu Bláskógabyggðar er talið rétt að setja sérstök lög um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og að skilningur ríkir á því að sníða þarf ýmsa vankanta af reglum um núverandi tekju- og útgjaldajöfnunarframlög. Langflest sveitarfélög njóta framlaga úr sjóðnum, þó í mismiklum mæli sé, og nauðsynlegt er að unnið sé eftir skýrum reglum.

Áhrif á fjárhag Bláskógabyggðar

Bláskógabyggð hefur til þessa fengið úthlutað framlagi á grundvelli eins af þeim þremur framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði steypt í eitt jöfnunarframlag. Sveitarfélagið hefur til þessa fengið fasteignaskattsframlag, en hvorki tekjujöfnunarframlag né útgjaldajöfnunarframlag. Nýjustu útreikningar frá starfsmönnum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gera ráð fyrir að sveitarfélagið muni fá 4,4 millj.kr. framlag á grundvelli hins nýja jöfnunarframlags, í



stað þeirra 202,1 millj.kr. sem sveitarfélagið fær í fasteignaskattsframlag á árinu 2023. Er hér um að ræða 197,7 millj.kr. lækkun eða 97,8%. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar mótmælir því harðlega að samþykkt verði lög á Alþingi sem ganga jafn harkalega gegn hagsmunum sveitarfélagsins.

Breytingar þessar munu, eins og tiltekið var í fyrri umsögn, hafa verulega neikvæð áhrif á afkomu sveitarfélagsins og möguleika þess til að veita lögbundna þjónustu. Samkvæmt ársreikningi síðasta árs var rekstrarafgangur samstæðu sveitarfélagsins einungis 20,4 millj.kr., en var neikvæð um 38 millj.kr. árið þar á undan, og mun slík lækkun framlaga Jöfnunarsjóðs sem að framan getur hafa í för með sér verulegan rekstrarhalla. Tækifæri til hagræðingar í rekstri sveitarfélagsins eru takmörkuð og möguleikar til nýrrar tekjuöflunar einnig. Samþykkt frumvarpsins ógnar því augljóslega fjárhagslegri sjálfbærni Bláskógabyggðar og grefur undan velferð íbúa sveitarfélagsins.

Bláskógabyggð er sameinað sveitarfélag, varð til á árinu 2002 við sameiningu þriggja sveitarfélaga og mikilvægt er að það hafi getu til að halda uppi þjónustu við íbúa á víðfeðmu og dreifbýlu svæði. Með 130. gr. a. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 var bætt við ákvæði um skyldu sveitarfélaga um að móta stefnu um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum viðkomandi sveitarfélags. Bláskógabyggð og löggjafarvaldið virðast því vera sammála um að sveitarfélög þurfa að veita íbúum þjónustu, þrátt fyrir að byggðin sé dreifð.

Ástæður lækkaðra framlaga:

Hér verður rakið hvaða atriði það eru í frumvarpinu sem valda svo verulega lækkuðum tekjum Bláskógabyggðar sem raun ber vitni:

1. Útgjaldabreytur ná ekki utan um kostnað í víðfeðmu fjölkjarna sveitarfélagi Bláskógabyggð er mjög víðfeðmt fjölkjarna sveitarfélag, þar sem um helmingur íbúa býr í dreifbýli en hinn helmingurinn dreifist á þrjá þéttbýliskjarna. Vegalengdir eru umtalsverðar og gera það að verkum að nauðsynlegt er að reka þjónustustarfsemi á fleiri en einum stað, þó íbúar séu ekki nema 1.400 talsins. Uppbygging þjónustunnar er því flókin og kostnaðarsöm og verða útgjöld pr. íbúa því hærri en í sveitarfélagi sem telur álíka marga íbúa, en getur veitt þjónustuna á einum stað.

Útgjaldabreytur í frumvarpinu (sbr. viðauka I) ná ekki nægilega vel utan um þann kostnað sem fylgir því að ekki er hægt að sameina þjónustu á einn stað. Í frumvarpinu hefur t.d. fjöldi þéttbýliskjarna umfram einn tiltekið vægi, en ekki nægilega hátt til að endurspegla þann mun sem liggur í því að veita þjónustu víðar en á einum stað. Er þetta ósanngjarnt og jafnframt varhugavert út frá markmiðum um að fleiri sveitarfélög sameinist. Bláskógabyggð varð til við sameiningu þriggja sveitarfélaga fyrir tveimur áratugum síðan. Nái markmið ríkisstjórnarinnar um frekari sameiningar fram að ganga verða til enn fleiri sveitarfélög eins og Bláskógabyggð, sem munu þurfa að veita þjónustu á mörgum stöðum. Ekki verður tekið nægilegt tillit til þessarar óhagkvæmni í lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nái frumvarpið fram að ganga og styður frumvarpið því ekki nægilega vel við stefnu stjórnvalda um þróun sveitarstjórnarstigsins.



Athugasemdum Bláskógabyggðar um þennan þátt var í skýrslu um samráð svarað á þann veg að vægi fjölda þéttbýliskjarna hefði verið hækkað, en í ríkara mæli sé tekið tillit til tekna sveitarfélaga og geti framlög til tekjuhárna sveitarfélaga því lækkað af þeim sökum. Varla verður séð að þessi fullyrðing standist. Tekjur sveitarfélaga eru meðhöndlaðar með sama hætti í frumvarpinu og verið hefur við útreikning framlaga. Hið rétta er að það sem veldur lækkun framlaga til tekjuhárna sveitarfélaga er afnám fasteignaskattsframlagsins. Ekki verður séð að við vinnslu frumvarpsins hafi verið lagt í vinnu við að greina kostnað sveitarfélaga út frá þeim þáttum sem að framan eru raktir og er það miður. Vanda verður til verka þegar ráðist er í jafnumfangsmiklar kerfisbreytingar og hér er lagt til og hafa einhverja vissu fyrir því hvaða þættir hafa áhrif á útgjaldþörf sveitarfélaga. Af hálfu Bláskógabyggðar er farið fram á að vægi útgjaldastuðla verði endurskoðað með hliðsjón af framangreindu.

2. Afnám fasteignaskattsframlags

Meginástæðuna fyrir 97,8% lækkun framlaga til Bláskógabyggðar má rekja til afnáms fasteignaskattsframlagsins. Í kafla 3.2. í greinargerð með frumvarpinu segir að ekki séu í frumvarpinu gerðar breytingar á því grundvallarskipulagi sem Jöfnunarsjóður hefur starfað eftir frá 1990, en þá hafi hann tekið til starfa í núverandi mynd. Í athugasemd við 5. gr. frumvarpsins segir að sérstök framlög, sem fjallað er um í 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga verði áfram hluti af sérstökum framlögum sjóðsins í frumvarpinu, að undanskildu svokölluðu fasteignaskattsframlagi, sbr. d-lið 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, sem falli niður. Í athugasemdum við d-lið 5. gr. er nánar fjallað um þetta og tiltekið að fasteignaskattsframlög falli brott en í staðinn komi framlög vegna sérstakra áskorana sveitarfélaga, sem skiptist annars vegar í framlag vegna höfuðstaðarálags og hins vegar framlag vegna sérstaks byggðastuðnings.

Í fyrri athugasemdum Bláskógabyggðar var vikið að því að hvorki væri í greinargerðinni, né drögum að skýrslu starfshóps frá mars 2023 sem hefur yfirskriftina „Endurskoðun á regluverki um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga“ vikið nánar að tilurð eða eðli fasteignaskattsframlagsins. Ekki var bætt úr því í endanlegri útgáfu frumvarpsins, þrátt fyrir að tiltekið sé að rökstuðningur fyrir breytingunni hafi verið aukinn. Þykir því rétt að víkja aftur að því hér, enda skiptir það máli þegar horft er til þess hvort réttmætt og eðlilegt sé að fella það niður og hvort sú staðhæfing standist að ekki sé verið að gera breytingar á grundvallarskipulagi sjóðsins.

Tilurð fasteignaskattsframlagsins má rekja til samkomulags um flutning fjármuna frá ríki til sveitarfélaga, sem unnið var á árunum 1999-2000 og lögfest með lögum nr. 144/2000. Í athugasemdum við 4. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 144/2000 er nánar rakið hver hin umrædda breyting á skattstofni varð. Horfið var frá því að miða álagningarstofn fasteignaskatts við afskrifað endurstofnverð fasteigna margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík og þess í stað var kveðið á um að stofn til álagningar fasteignaskatts yrði fasteignamat fasteigna. Framlaginu var sérstaklega ætlað að bæta sveitarfélögum tekjutapið sem því fylgdi að álagningarstofn fasteignamats lækkaði. Í tilfalli Bláskógabyggðar er það enn þannig að fasteignamat er mun lægra en fasteignamat á höfuðborgarsvæðinu.

Í greinargerðinni sagði um 4. gr. frumvarpsins: „Greininni er ætlað að tryggja að þau sveitarfélög sem verða fyrir tekjutapi vegna breytingar þeirrar sem lögð er til í 1. gr.



frumvarpsins verði jafnsett og áður. Í greininni er gert ráð fyrir að framlag úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þessa nemi 0,64% af skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum, eða 1,1 milljarði kr. á núvirði til að jafna stöðu sveitarfélaga. Með þessum hætti er tryggt að lækkunin mun skila sér beint til þeirra gjaldenda sem góðs njóta af breytingunni.¹ Þetta er áréttað í almennum athugasemdum við frumvarpið: „Þar sem sú lækkun sem lögð er til á skattstofni fasteignaskatts leiðir til tekjutaps fyrir sveitarfélög utan Reykjavíkur sem áætlað er að nemi um 1.100 millj. kr. á ári lagði nefndin einnig til að breyting yrði gerð á 8. gr. laganna er miðaði að því að sérstakt framlag rynni til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.“ Framlagið er því sérstakt byggðaframlag, ætlað sveitarfélögum utan suðvesturhorns landsins, þ.e. á því svæði þar sem fasteignaskattstekjur lækkuðu við breytinguna á álagningarstofni.

Það verkefni Jöfnunarsjóðs að úthluta fasteignaskattsframlagi er aðskilið frá öðrum verkefnum Jöfnunarsjóðs og tengt ákveðnum tekjustofnum sterkum böndum, eins og bent er á í skýrslu starfshóps sem gefin var út á árinu 2010 undir heitinu „Heildarendurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga“. Þar er fjallað um tillögur um breytingar á regluverki sjóðsins, þar sem m.a. er komist að þeirri niðurstöðu að halda skuli fasteignaskattsframlaginu óbreyttu, en ekki steypa því inn í nýtt jöfnunarframlag. Það er rökstutt með þeim hætti að með því að afnema aðskilnað verkefna sé í sumum tilvikum verið að breyta samningum sem gerður hafa verið milli ríkis og sveitarfélaga. Framlög vegna yfirfærslu grunnskólans og fasteignaskattsframlög eru tiltekin sem gott dæmi um þetta.² Þessar röksemdir eiga alveg jafn vel við í dag og þær áttu á árinu 2010.

Fasteignaskattsframlagið er í grunninn byggðaframlag, eynamerkt sveitarfélögum á landsbyggðinni. Með því að afnema framlagið og láta fjármagnið sem því fylgir renna inn í einn pott sem útdeilt verður á annan hátt verður tilfærsla fjármagns frá landsbyggðarsveitarfélögum. Nýtt kerfi leiðir til þess að framlög til sveitarfélaga á Suðurlandi lækka um 7,9% frá óbreyttu kerfi, eingöngu vegna afnáms fasteignaskattsframlagsins. Framlagið er í grunninn ekki jöfnunarframlag, líkt og tekju- og útgjaldajöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs. Eins og rakið er í kafla 2.1 í greinargerð með frumvarpinu er það rakið hvernig Jöfnunarsjóði hafa verið falin ýmis slík verkefni, sem ekki eru eingöngu jöfnunarverkefni í hefðbundnum skilningi. Vegna forsögu fasteignaskattsframlagsins sem byggðaaðgerðar hefði allt eins mátt fela Byggðastofnun úthlutun fjármunanna á þeim tíma sem til þess var stofnað. Hefði það verið gert værum við ekki í þeirri stöðu nú að fjalla um tillögur um að fella það inn í almenn jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs.

Framlagið nemur á árinu 2023 alls 6.544 millj.kr. Það að fella framlagið út hefur því mjög mikla breytingu í för með sér. Um er að ræða breytingu á samningi ríkis og sveitarfélaga, samningi sem ekki hefur verið sagt upp og er því enn í gildi. Bláskógabyggð ítrekar hér athugasemdir sínar við það að framlagið verði afnumið. Jafnframt gerir Bláskógabyggðgerir skýran fyrirvara um lögmæti lagasetningarinnar.

¹ <https://www.althingi.is/altext/126/s/0209.html>

² <https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Sveitarstjornar--og-byggdamal/Jofnunarjodur/utgefid-efni/ymsar-skyrslur/2010%20-%20Heildarendursko%c3%b0un%20%c3%a1%20reglum%20J%c3%b6fnunarsj%c3%b3%c3%b0s%20svetarf%c3%a9laga.pdf>



Vel má gera breytingar á jöfnunarframlögum (tekju- og útgjaldajöfnunarframlögum) án þess að hrófla við fasteignaskattsframlaginu. Afnáam framlagsins er því ekki á nokkurn hátt forsenda breytinga á jöfnunarkerfinu.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar bendir einnig á að framlaginu var beinlínis ætlað að jafna tekjutap sveitarfélaga á landsbyggðinni sem stafaði af tiltekinni kerfisbreytingu. Áhrifa kerfisbreytingarinnar gætir enn, þar sem verulegur munur er á álagningarstofni fasteigna á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Andmælt er þeirri staðhæfingu að með niðurfellingu fasteignaskattsframlagsins sé ekki verið að gera breytingar á því grundvallarskipulagi sem Jöfnunarsjóður hefur starfað eftir, líkt og haldið er fram í skýrslu starfshópsins frá 2023 og greinargerð með frumvarpi því sem hér er til umsagnar.

Því hefur verið haldið fram að fasteignaskattsframlagið sé í reynd skattahvetjandi. Í tilfalli Bláskógabyggðar á það ekki við. Álagningarhlutfall fasteignaskatts hjá Bláskógabyggð hefur einungis tekið breytingum til lækkunar frá því að álagningarstofninum var breytt. Álagningarhlutfall eigna í a-flokki var 0,6% til ársins 2017 er það lækkaði í 0,5%, en þá hafði gætt nokkurrar hækkunar á fasteignamati, og 2022 er það var lækkað í 0,48% eftir að fasteignamat íbúðarhúsnæðis í Reykholti og á Laugarvatni hafði hækkað nokkuð. Í fjárhagsáætlun ársins 2024 er gert ráð fyrir að álagningarhlutfallið verði lækkað í 0,45%. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur ekki leikið þann leik að hækka álagningarhlutfall fasteignaskatts til að fá herra fasteignaskattsframlag, þvert á móti.

Ljóst er hins vegar að ef frumvarpið verður óbreytt að lögum þá verður sveitarstjórn nauðugur einn kostur að hækka álagningarhlutfall fasteignaskatts, enda er ekki annað svigrúm til tekjuöflunar þar sem útsvarshlutfall er þegar í hámarki. Umrædd aðgerð er því skattahvetjandi og mun leiða til hærri álaga á skattgreiðendum, öfugt við upphafleg markmið lagaákvæða um þetta sérstaka framlag. Fullnýting álagningarhlutfalls fasteignaskatts á eignir í öllum flokkum á árinu 2024, með lögheimiluðu álagi, myndi skila sveitarfélaginu Bláskógabyggð alls 177 millj.kr. í auknar tekjur á árinu 2024. Skiptingin væir þannig að full álagning á eignir í a-flokki myndi skila 164 millj.kr og álagning á eignir í c-flokki (atvinnuhúsnæði) myndi skila 13 millj.kr. Sú ráðstöfun myndi því ekki duga til þess að vega upp á móti afnámi fasteignaskattsframlagsins, sem nemur á yfirstandandi ári 202,1 millj.kr. Afleiðing slíkrar hækkunar yrði sú að fasteignagjöld yrðu þau hæstu sem um getur.

Ef til slíkrar skattlagningar kæmi, sem er eina úrræði Bláskógabyggðar til frekari tekjuöflunar, þá myndi t.d. fasteignaskattur einn og sér, fyrir utan önnur fasteignagjöld, af einbýlishúsi í sveitarfélaginu að fasteignamati 82.800.000 nema kr. 517.500. Að meðtöldum öðrum fasteignagjöldum færi álagning á slíka eign í 983.000 kr. Fullyrða má að það væri einsdæmi um gjaldheimtu af sambærilegri eign. Til samanburðar þá munu fasteignagjöld af eign að sama fasteignamati nema 686.000 kr í Sveitarfélaginu Árborg á næsta ári, miðað við útgefnar álagningarforsendur, þar af væri fasteignaskattur 248.700 kr. Til frekari samanburðar þá nemur fasteignaskattur af 82.800.000 kr, fasteign í Garðabæ 137.448 kr á þessu ári og heildarfasteignagjöld 364.268 skv upplýsingum um fasteignagjöld á heimasíðu sveitarfélagsins. Mismunur á fasteignaskatti í Bláskógabyggð og Garðabæ, miðað við 82.800.000 kr. eign næmi því um 380.000 kr. og munur á heildarfasteignagjöldum um 610.000.



Vera kann að annmarkar séu á útfærslu fasteignaskattsframlagsins og að erfiðleikum sé bundið að viðhalda grunni til útreiknings. Bregðast má við þessu með öðrum hætti en því að fella framlagið niður. Í tillögum starfshópsins sem skilaði áður tilvitnaðri skýrslu á árinu 2010 er vikið að leiðum til breytingar á útfærslu framlagsins.

Að öðru leyti er vísað til minnisblaðs Guðjóns Bragasonar, lögfræðings, hvað varðar nánari upplýsingar um forsögu fasteignaskattsframlagsins.

3. Útgjaldabreytur ná ekki utan um kostnað við öflun fasteignaskattstekna

Af hálfu Bláskógabyggðar eru ítrekaðar fyrri ábendingar um að í hinu nýja líkani séu fasteignaskattstekjur í reynd ofmetnar við útreikninga á tekjum pr. íbúa þar sem útgjaldabreytur í viðauka I ná ekki utan um þann kostnað sem hlýst af öflun teknanna, umfram kostnað við að afla annarra tekna. Í athugasemdum sem gerðar voru af hálfu Bláskógabyggðar á fyrri stigum samráðs var farið nokkuð ítarlega yfir þessa þætti og sýnd dæmi um mismunandi kostnað sambærilegra sveitarfélaga útrá þeim kostnaðarliðum sem þyngst vega hjá sveitarfélögum sem hafa fasteignaskattstekjur af sumarhúsum.

Ekkert mið var tekið af þessum athugasemdum við lokavinnslu frumvarpsins og þeim ekki svarað í skýrslu um samráð, nema á þann veg að umræddar tekjur séu jafnan ríflegar á móti þeirri þjónustu sem veitt er á móti tekjunum. Hafi það sjónarmið því almennt ekki verið uppi að sveitarfélög þar sem stórar frístundabyggðir séu þurfi sérstakan stuðning Jöfnunarsjóðs vegna þeirra. Líta má á þetta svar sem hálfgerðan útúrsmúning, en ef orðalag athugasemdana var ekki nógu skýrt skal tekið fram að alls ekki var verið að fara fram á sérstakan stuðning Jöfnunarsjóðs vegna frístundabyggða. Bent var á það að útgjaldabreyturnar (eða skortur á fjölbreyttari útgjaldabreytum) gera það að verkum að lítið er á slíkar tekjur með þeim hætti að það fylgi þeim enginn kostnaður. Tekjur pr íbúa séu því ofmetnar þegar tekjur og útgjöld séu vegin saman. Gerð er athugasemd við það og þess farið á leit að ef Alþingi heldur sig við að afnema fasteignaskattsframlagið eins og áætlað er, þá verði að huga að þessum þætti. Gera má það með ýmsum hætti, svo sem þeim að einungis tiltekið hlutfall slíkra tekna séu teknar inn í útreikninga á heildartekum pr. íbúa.

Fullnýting útsvars

Í inngangi var vikið að skorti á samráði varðandi þá breytingu sem gerð var á frumvarpsdrögum eftir að samráði lauk, þar til það var lagt fram á Alþingi og varðar afnám kröfu um hámarksnýtingu útsvars. Um er að ræða breytingu sem kemur sér vel fyrir nokkur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Breyting þessi dregur úr trúverðugleika þess sem er yfirlýst að sé ein af meginstöðum nýs líkans, svo sem lesa má í kafla 2.3 í greinargerðinni, þ.e. jöfnun vegna mismunandi tekjumöguleika og að útreikningur hins nýja framlags taki til bæði tekjumöguleika og útgjaldaþarfar. Af hálfu Bláskógabyggðar er gerð athugasemd við téða breytingu á frumvarpinu.

Aðlögunartímabil

Í ákvæði til bráðabirgða II er fjallað um aðlögunartímabil við innleiðingu hins nýja jöfnunarlíkans. Þannig verði aðlögunartími þrjú ár og innleiðing verði í áföngum þar til nýja jöfnunarlíkanið verði að fullu innleitt árið 2028. Sveitarstjórn



Bláskógabyggðar gerir athugasemd við að aðlögunartímabilið sé svo stutt og er lagt til að tímabilið verði lengt úr þremur árum í a.m.k. átta ár.

Ef frumvarpið verður óbreytt að lögum mun það valda verulegum frávikum frá áætluðum tekjum Bláskógabyggðar, eins og gert er ráð fyrir í þriggja ára áætlun árunna 2025-2027. Frumvarpið er því eins og áður segir alvarleg ógn við fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélagsins og er mikilvægt að aðlögunartímabilið verði lengra en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Lögbundið er að sveitarfélög geri fjárhagsáætlun til fjögurra ára og er óásættanlegt að svo umfangsmiklar lækkanir á tekjum séu gerðar með svo skömmum fyrirvara að ekki sé hægt að bregðast við því innan yfirstandandi áætlunartímabils.

Virðingarfyllst,

Ásta Stefánsdóttir
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar